

## Rökræður – Sammála/Ósammála

Nemendur standa upp. Kennslustofu er skipt í tvö svæði, einn veggur í stofunni er **Sammála** svæðið og einn veggur t.d. veggurinn á móti er **Ósammála svæðið** (borð og stólar skipta ekki máli, þarf ekkert endilega að færa).

- Kennari les upp staðhæfingar, eina í einu. Þau sem eru sammála fara að sammála svæðinu og þeir sem eru ósammála fara að ósammála svæðinu
- Báðir hópar fá ca. 3-5 mínútur til að tala saman um af hverju þau eru sammála eða ósammála staðhæfingunni
- Einn úr hverjum hópi stígur fram og segir frá niðurstöðu hópsins ...“Við erum sammála af því að ...“ eða „Við erum ósammála af því að...“
- Þegar báðir hópar hafa lagt fram sín rök mega nemendur skipta um hóp ef þeir telja að rök hins hópsins hafi verið betri

Tilgangur leiksins er að nemendur velti fyrir sér af hverju þeim finnst eitthvað, geti fært rök fyrir því af hverju þeim finnst það og átti sig á að það eru fleiri en ein hlið á flestum málum og það má skipta um skoðun ef maður heyrir betri rök. Athugið að það eru ekki alltaf hrein og skýr svör til við því sem um er rætt eða rétt eða röng svör ...stundum er bara gott að velta upp öllum hliðum.

Dæmi um staðhæfingar (þið getið breytt og bætt eftir þörfum):

- Ef unglingur fer yfir mörk annars unglings þá á hann skilið að vera útilokaður úr hópnum
- Ef unglingur er kynsegin eða trans þá verður hann að útskýra kynvitund sína fyrir öðrum áður en hann byrjar að spjalla eða daðra við einhvern
- Það er brot á trúnaði að segja vini sínum/vinkonu eða foreldrum frá því sem gerðist ef eitthvað kemur upp á í parsambandi
- Ef manneskja hefur sært eða brotið á annarri manneskju og sér eftir því og biðst afsökunar þá verður hin að fyrirgefa henni

Munið að bjóða upp á samtal og minna á að ef einhverjum vantar spjall eða hlustun eftir tímann þá eruð þið til staðar. Ef ósætti verður þá er mikilvægt að greiða úr því áður en hópurinn fer úr stofunni eða strax í næsta tíma.